



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Við Austurvöll
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 3. mars 2003

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum, 121. mál, 128. löggjafarþing 2002-2003.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stimpilgjald óþinglýstra skjala lækki í jöfnum áföngum þar til það verði fellt niður frá árinu 2007 og að stimpilgjald þinglýstra skjala lækki niður í raunkostnað við þá þjónustu sem veitt er við stimplunina.

Flutningsmaður setur fram mörg og sannfærandi rök fyrir afnámi skattsins stimpilgjalds.

- Skattheimta á borð við innheimtu stimpilgjalda hefur verið á hröðu undanhaldi í OECD-ríkjum undanfarna áratugi.
- Skattheimtan mismunar aðilum innanlands og veikir samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum.
- Stimpilgjöldin eru bein samkeppnishindrun fyrir íslensk fjármálafyrirtæki, sem og íslenska útgefendur verðbréfa sem hyggjast skrá þau á erlendum mörkuðum.
- Með tilkomu rafrænnar eignarskráningar verðbréfa er hlutverki stimpilskyldu í raun lokið. Ekki er hægt að stimpla rafræn verðbréf, auk þess sem ekki er um skjöl í eiginlegri merkingu þess orðs að ræða.
- Innheimta stimpilgjalds af lánnum til einstaklinga til húsnæðiskaupa eða annarra nauðsynja er nokkurs konar „fátækraskattur“.
- Óeðlilegt er að stimpilgjald sé innheimt aftur og aftur við skuldbreytingar á lánnum.

Samtök atvinnulífsins taka undir þá stefnumörkun sem í frumvarpinu felst og harma að stjórnvöld hafi ekki hrundið í framkvæmd þeirri endurskoðun á umræddum lögum sem boðuð var í upphafi yfirstandandi þings.

Samtök atvinnulífsins leggja þunga áhersla á afnám stimpilgjalda af útgáfu og viðskiptum með viðskiptabréf verði felld brott. Helstu rök samtakanna fyrir afnámi stimpilgjaldsins fara hér á eftir.

Stimpilgjöld eru sem næst úrelt í helstu viðskiptalöndum okkar. Íslensk fjármálafyrirtæki starfa í alþjóðlegu umhverfi og er afar mikilvægt að þau sæti ekki sérstökum samkeppnishindrunum sem gera þeim ókleift að þjóna fyrirtækjum á íslenskum markaði jafnvel og erlendir



keppninautar. Áhrif stimpilgjaldsins eru m.a. að hérland fyrirtæki leita til annarra landa með lántökum.

Skatturinn stimpilgjald hefur í för með sér margsköttun sama skattandlags. Þetta gerist þegar verið er að endurfjármagna eldri lán. Gjaldið hleðst upp í viðskiptaferlinu og torveldar uppbyggingu virks verðbréfamarkaðar héraendis.

Stimpilgjald á verðbréf bitnar mun harðar á minni fyrirtækjum en þeim stærri, þar sem síðastnefndu fyrirtækin leita í auknum mæli til útlanda eftir lántökum vegna betri lánskjara þar. Möguleiki erlendra samkeppnisaðila til að bjóða betri kjör er augljóslega meiri þegar engin stimpilgjöld bætast við lántökukostnaðinn.

Ljóst er af framansögðu að stimpilgjaldið er afar skaðlegur skattur og brýnt að hann verði felldur brott sem fyrst. Það geta þó staðið rök til þess, út frá tekjuáhrifum fyrir ríkissjóð, að skatturinn verði felldur brott í áföngum. Umrætt frumvarp gerir ráð fyrir því að afnámið eigi sér stað á fimm árum. Spurning er hvort hér sé ekki um of langan tíma að ræða í ljósi þess tjóns sem skatturinn veldur og því ástæða til þess að áfangarnir verði fáir og stórir.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri